

REGLUGERÐ

um einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla með tilliti til aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi kveður á um hverjir teljast einstaklingar í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla, skv. 12. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

2. gr.

Einstaklingar í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla.

Einstaklingar í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla í skilningi 12. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka eru einstaklingar búsettir utan Íslands, sem eru eða hafa verið háttsettir í opinberri þjónustu, ásamt nánustu fjölskyldu þeirra og nánnum samstarfsmönnum.

Til háttsettra einstaklinga í opinberri þjónustu teljast:

- a) þjóðhöfðingjar, ráðherrar og staðgenglar ráðherra eða aðstoðarráðherrar;
- b) þingmenn;
- c) hæstaréttardómarar, dómarar við stjórnlagadómstóla eða aðrir háttsettir dómarar við dómstóla þaðan sem niðurstöðu er ekki hægt að áfrýja nema í undantekningar-tilvikum;
- d) dómarar við endurskoðunarrétt eða stjórnarmenn seðlabanka;
- e) sendiherrar, staðgenglar sendiherra og háttsettir yfirmenn herja;
- f) fulltrúar í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn fyrirtækja í eigu ríkis.

Þeir sem taldir eru upp í a-e liðum 1. mgr. teljast einstaklingar í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla, jafnvel þótt þeir gegni viðkomandi stöðum hjá Evrópusambandinu eða á alþjóðavettvangi.

Til nánustu fjölskyldu skv. 1. mgr. teljast:

- a) maki;
- b) sérhver sambúðarmaki, sem samkvæmt landslögum hefur sömu stöðu og maki;
- c) börn og makar þeirra eða sambúðarmakar;
- d) foreldrar.

Til náinna samstarfsmanna skv. 1. mgr. teljast:

- a) einstaklingar sem vitað er að hafi verið raunverulegir eigendur lögaðila með einstaklingi, sem er eða hefur verið háttsettur og gegnt opinberri þjónustu;
- b) einstaklingar er átt hafa náin viðskiptatengsl við einstakling, sem er eða hefur verið háttsettur og gegnt opinberri þjónustu;
- c) einstaklingur sem er einn raunverulegur eigandi lögaðila sem vitað er að í reynd var stofnað til til hagsbóta fyrir einstakling sem er eða hefur verið háttsettur og gegnt opinberri þjónustu

Nú hefur einstaklingur ekki verið háttsettur í opinberri þjónustu í eitt ár og telst hann þá ekki vera einstaklingur í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla.

3. gr.

Lögleiðing.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 28. gr. laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 64/2006.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2006 frá 1. ágúst 2006 þar sem mælt er fyrir um framkvæmdaráðstafanir vegna tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB að því er varðar skilgreininguna á „einstaklingur í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla“ og tæknilegar kröfur varðandi einfaldaða skoðun með tilhlýðilegri kostgæfni á áreiðanleika viðskiptamanns og varðandi undanþágur á grundvelli fjármálastarfsemi sem stunduð er stöku sinnum eða að mjög takmörkuðu leyti, sem vísað er til í IX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 152/2006, dags. 8. desember 2006.

4. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku hennar fellur úr gildi reglugerð um tilkynningarskyldu og könnun á áreiðanleika viðskiptamanns í aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 550/2006.

Viðskiptaráðuneytinu, 11. ágúst 2008.

Björgvin G. Sigurðsson.

Jónína S. Lárusdóttir.